



cutting through complexity™

Garðabær

Endurskoðunarskýrsla

Mars 2016





KPMG ehf.
Endurskoðunarsvið
Borgartúni 27
105 Reykjavík

Sími: 545 6000
Fax: 545 6001

Reykjavík, 17. mars 2015

Bæjarstjórn Garðabæjar
Sigríður Hulda Jónsdóttir, forseti bæjarstjórnar
Garðatorgi 7,
210 Garðabær
kt. 570169-6109

Endurskoðun ársreiknings fyrir árið 2015 er lokið að öðru leyti en því að við munum ganga frá áritun okkar á ársreikninginn samhliða afgreiðslu og áritun bæjarstjórnar við síðari umræðu í bæjarstjórn.

Endurskoðunin var framkvæmd í samræmi við alþjóðlega staðla um endurskoðun eins og lýst var í bréfi okkar dagsettu 8. nóvember 2013. Við endurskoðunina höfum við það að markmiði að veita óháð álit á ársreikningnum og staðfesta að skýrsla stjórnar uppfylli kröfur laga. Bæjarstjórn og bæjarstjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins. Ábyrgð okkar felst í því áltí sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Við höfum endurskoðað ársreikning sveitarfélagsins en hann hefur að geyma ársreikning fyrir þær rekstrareiningar sem falla undir A hluta starfsemi sveitarfélagsins og ársreikning fyrir alla starfsemi þess, þ.e. A og B hluta, sbr. 60. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Endurskoðunarskýrslunni er ætlað að upplýsa um atriði sem komu í ljós við endurskoðunina og við teljum að eigi erindi við ykkur. Þessar upplýsingar ætti ekki að nota í neinum öðrum tilgangi.

Skýrsla þessi er ekki hluti af áritun okkar á ársreikninginn og veitir ekki viðbótarálit á ársreikningnum. Skýrslan bætir hvorki við né breytir skyldum okkar sem endurskoðendur.

Við höfum ekki skipulagt eða framkvæmt aðrar aðgerðir en þær sem okkur er skylt sem endurskoðendur í því skyni að koma auga á og upplýsa um atriði sem fjallað er um í þessari skýrslu.

Hér á eftir fara ýmsar upplýsingar um ársreikninginn og endurskoðunina ásamt ábendingum og athugasemdum eftir því sem við á. Við höfum jafnframt komið ábendingum til stjórnenda á framfæri með sérstökum skýrslum til bæjarstjóra þar sem settar eru fram ítarlegri ábendingar varðandi innra eftirlit, upplýsingakerfi og stjórnsýslu.

Við viljum þakka fyrir samvinnuna á meðan á endurskoðuninni stóð.

Við treystum því að þessar upplýsingar séu í samræmi við kröfur ykkar og munum veita allar frekari upplýsingar um endurskoðunina ef óskað verður eftir því.

Virðingarfyllst,

KPMG ehf.

Magnús Jónsson

endurskoðandi

Afrit:

Gunnar Einarsson, bæjarstjóri

Í tengslum við þessa skýrslu má hafa samband við:

Magnús Jónsson
Partner
 magnusjonsson@kpmg.is

Lilja Dögg Karlsdóttir
Senior Manager
 lkarlsdottir@kpmg.is

Garðabær

Inngangur

1. Megin niðurstöður

1.1 Helstu niðurstöður

2. Um endurskoðun ársins 2015

2.1 Framkvæmd endurskoðunarinnar

2.2 Innra eftirlit og upplýsingakerfi

2.3 Stjórnáætlun

3. Fjárhagsáætlun og rauntölur

3.1 Rekstrarniðurstaða í samanburði við fjárhagsáætlun

3.2 Fjárfesting í samanburði við fjárfestingaráætlun

4. Ársreikningur sveitarfélagsins

4.1 Rekstrarreikningur ársins 2015

4.2 Efnahagsreikningur 31. desember 2015

4.3 Sjóðstreymisyfirlit árið 2015

Bls.

1

3

4

5

6

7

8

10

11

14

5. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

5.1 Almennt

5.2 Fastafjármunir

5.3 Skammtímakröfur

5.4 Skuldir og skuldbindingar

6. Fjárhagsstaða í árslok og þróun

6.1 Heildareignir

6.2 Eiginfjárlutfall

6.3 Heildarskuldir og skuldbindingar

6.4 Skuldahlutfall og skuldaviðmið

6.5 Rekstrarjöfnuður á þriggja ára tímabili

6.6 Framlegðarlutfall

7. Önnur atriði

7.1 Rekstur A hluta fyrirtækja á árinu 2015

7.2 Rekstur B hluta fyrirtækja á árinu 2015

7.3 Áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármögnun 2016-2019

8. Staðfestingar

8.1 Staðfestingar og önnur atriði

Bls.

15

16

17

18

19

20

21

22

24

25

26

27

30

31

Atriði	Helstu niðurstöður	Nánari umfjöllun
A og B hluti Rekstur og fjárhagsstaða sveitarfélagsins	- Rekstrarniðurstaða A og B hluta á árinu var jákvæð um 165 millj. kr., en niðurstaða A hluta var jákvæð um 16 millj. kr. - Veltufé frá rekstri A og B hluta nam 1.262 millj. kr., en 930 millj. kr. í A hluta. - Skuldir og skuldbindingar A og B hluta námu 11.863 millj. kr. í árslok 2015, en 10.897 millj. kr. í A hluta. Eigið fé A og B hluta var 11.894 millj. kr. í árslok en eigið fé A hluta var 11.206 millj. kr. Eiginfjárlutfall A og B hluta var 50,1% en A hlutans 50,7%.	Bls. 7, 10 - 14
A hluti	- Eins og fram kemur í skýringu 8 í ársreikningi er rekstrarniðurstaða Aðalsjóðs jákvæð um 168 millj. kr. en Eignasjóðs neikvæð um 82 millj. kr. og Þjónustumiðstöðvar neikvæð um 71 millj. kr. - Samkvæmt sjóðstreymisýfirliti nemur veltufé frá rekstri Aðalsjóðs 156 millj. kr. og 835 millj. kr. hjá Eignasjóði. Hins vegar er veltufé til rekstrar þjónustumiðstöðvar 61 millj. kr.	Bls. 26
B hluti	- Samveitur Garðabæjar, Hjúkrunarheimilið Ísafold, Strikið 3 og Garðahús ehf. teljast til B hluta sveitarfélagsins. - Rekstrarniðurstaða Samveitna var jákvæð á árinu um 286 millj. kr. og Striksins 3 um 12 millj. kr. - Rekstrarniðurstaða Ísafoldar var neikvæð um 146 millj. kr. og Garðahúsa um 3 millj. kr. Mikilvægt er að leita leiða til að jafnvægis náist milli tekna og gjalda B hluta fyrirtækja.	Bls. 27 - 29
Fjárhagsleg viðmið	- Skuldahlutfall A og B hluta (skuldir sem hlutfall af rekstrartekjum) nemur 101% í árslok 2015, en þetta hlutfall var 94% í árslok 2014. Til viðmiðunar skulu sveitarfélög, samkvæmt sveitarstjórnarlögum takmarka skuldir A og B hluta við 150% af reglulegum tekjum. - Sveitarstjórnir skulu sjá til þess að samanlögð heildarútgjöld til rekstrar vegna A og B hluta séu á hverju þriggja ára tímabili ekki hærri en sem nemur samanlögðum reglulegum tekjum. Rekstrarjöfnuður Garðabæjar var jákvæður árin 2013, 2014 og 2015 og verður jákvæður áfram, gangi fyrirbyggjandi áætlanir sveitarfélagsins eftir.	Bls. 22 - 24
Innra eftirlit og upplýsingakerfi	Samhliða vinnu okkar við endurskoðunina höfum við komið ábendingum á framfæri við stjórnendur og starfsmenn sveitarfélagsins er varðar innra eftirlit og upplýsingakerfi eftir því sem við hefur átt hverju sinni. Við viljum taka fram að stjórnendur hafa almennt brugðist með viðeigandi hætti við ábendingum okkar frá fyrra ári og nýtt þær til að vinna að úrbótum sem miða að því að efla innra eftirlit sveitarfélagsins. Við munum fylgja ábendingum okkar eftir við endurskoðunarvinnu vegna ársins 2016.	Bls. 5
Stjórnsýsla	Við viljum taka fram að samhliða stjórnsýsluskoðun okkar höfum við komið ábendingum á framfæri við stjórnendur sveitarfélagsins eftir því sem við hefur átt hverju sinni. Við viljum upplýsa bæjarstjórn um að við skoðun okkar á árinu 2015 kom í ljós að brugðist hafði verið hluta ábendinga sem við komum á framfæri við bæjarstjóra vegna stjórnsýsluskoðunar 2014.	Bls. 6

Endurskoðunin var unnin í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla

Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós

Ábyrgð stjórnenda felst í því að ársreikningurinn sé í samræmi við lög um ársreikninga

2.1.1 Framkvæmd endurskoðunarinnar

- Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáiast um hvort ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.
- Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.
- Endurskoðun felur meðal annars í sér greiningu á hinum ýmsu liðum rekstrarreikningsins, samanburði við fjárhagsáætlun og ársreikning fyrri árs. Við yfirferð efnahagsreikningsins hefur tilvist eigna og eignarhald verið kannað.
- Við endurskoðunina voru gerðar kannanir á bókhaldsgögnum og bókhaldskerfum að því marki sem við töldum nauðsynlegt í tengslum við endurskoðun á ársreikningi sveitarfélagsins. Í því sambandi höfum við með úrtakskönnunum skoðað fylgiskjöl, kannað bókhaldsskráningu og virkni innra eftirlits.
- Við höfum einnig kannað að fylgt hafi verið viðurkenndum reikningsskilaaðferðum við framsetningu ársreikningsins og mat einstakra liða og að hann hafi að geyma þær upplýsingar um rekstur og fjárhagsstöðu sveitarfélagsins sem lög og reglur mæla fyrir um.
- Stjórnendur sveitarfélagsins munu við áritun okkar undirrita sérstakt staðfestingarbréf þess efnis að þeir staðfesta ábyrgð sína á því að framsetning ársreikningsins sé í samræmi við lög um ársreikninga. Sú ábyrgð felur í sér að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og mati miðað við aðstæður.

2.1.2 Mikilvægismörk í endurskoðun

- Við endurskoðun eru sett ákveðin mikilvægismörk til að ákvarða hver ásættanleg skekkja er í viðkomandi ársreikningi. Við ákvörðun mikilvægismarka er lagt mat á hversu mikil skekkja yrði þess valdandi að upplýstur notandi ársreiknings tæki aðra ákvörðun en væri skekkjan ekki til staðar. Mikilvægismörkin eru ákvörðuð í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla.
- Mikilvægismörk við endurskoðun ársreiknings 2015 voru ákvörðuð 162 millj. kr. fyrir alla liði ársreiknings. Við skipulagningu á endurskoðuninni og ákvörðun á endurskoðunarnálgun beitum við mikilvægismörkunum. Einnig notum við mikilvægismörkin til að leggja mat á mismuni sem upp geta komið við endurskoðunina og áhrif þeirra á reikningsskilin í heild sinni.

2.1.3 Niðurstöður

- Fyrirliggjandi ársreikningur Garðabæjar fyrir árið 2015 er lagður fyrir bæjarstjórn til fyrri umræðu 17. mars 2016. Munum við árita hann samhliða afgreiðslu og áritun bæjarstjórnar við síðari umræðu, sem fyrirhuguð er að verði 7. apríl nk., fyrirvaralausri áritun, komi ekki fram mikilvægar viðbótarupplýsingar sem geta haft áhrif á álit okkar.



Endurskoðun okkar beinist fyrst og fremst að þeim þáttum þar sem um mesta áhættu er að ræða í rekstri sveitarfélagsins

Við höfum komið ýmsum ábendingum á framfæri við stjórnendur sveitarfélagsins

2.2.1 Innra eftirlit og upplýsingakerfi

- Við endurskoðun okkar á ársreikningi 2015 höfum við tekið mið af innra eftirliti og upplýsingakerfi sveitarfélagsins. Með innra eftirliti er m.a. átt við verklagsreglur þar sem kveðið er á um meðferð skjala og ábyrgðar- og verkaskiptingu og hafa að markmiði að tryggja áreiðanlegt bókhald, örugga meðferð og vörslu fjármuna og að ekki hljóttist tjón af villum, mistökum eða misnotkun. Endurskoðun okkar beinist fyrst og fremst að þeim þáttum þar sem um mesta áhættu er að ræða í rekstri sveitarfélagsins.
- Endurskoðun okkar felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunar- aðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunar- aðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits sveitarfélagsins.

2.2.2 Niðurstöður varðandi innra eftirlit

- Samhliða vinnu okkar við endurskoðunina höfum við komið ábendingum okkar á framfæri við stjórnendur og starfsmenn sveitarfélagsins eftir því sem við hefur átt hverju sinni.
- Auk þess komum við ábendingum til bæjarstjóra í sérstakri skýrslu þar sem settar eru fram ítarlegri ábendingar varðandi innra eftirlit og önnur atriði sem tengjast vinnu okkar. Þær ábendingar eru ekki þess eðlis að þær kalli á umfjöllun í endurskoðunarskýrslu.
- Munum við fylgja ábendingum okkar eftir við endurskoðunarvinnu vegna ársins 2016.
- Við viljum taka fram að stjórnendur hafa brugðist með viðeigandi hætti við ábendingum okkar frá fyrra ári og nýtt þær til að vinna að úrbótum á viðkomandi atriðum sem miða að því að efla innra eftirlit sveitarfélagsins.

2.2.3 Niðurstöður varðandi upplýsingakerfi

- Samhliða vinnu okkar við endurskoðun hafa sérfræðingar á sviði tölvuendurskoðunar gert ýmsar athuganir á upplýsingakerfum sveitarfélagsins. Hefur ábendingum verið komið á framfæri við stjórnendur og starfsmenn sveitarfélagsins eftir því sem við hefur átt hverju sinni. Auk þess komum við ábendingum til bæjarstjóra í sérstakri skýrslu þar sem settar eru fram ítarlegri ábendingar tengdar upplýsingakerfum. Þær ábendingar eru ekki þess eðlis að þær kalli á umfjöllun í endurskoðunarskýrslu.
- Munum við fylgja ábendingum okkar eftir við endurskoðunarvinnu vegna ársins 2016.



Endurskoðendur komi á framfæri tillögum að úrbótum er varða stjórnsýslu

Við höfum komið ýmsum ábendingum á framfæri við stjórnendur sveitarfélagsins

2.3.1 Stjórnsýsluskoðun

- Samkvæmt 3. mgr. 72. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 skulu endurskoðendur sveitarfélaga meðal annars „kanna hvort fullnægjandi heimildir hafi verið fyrir útgjöldum og hvort almenn stjórnsýsla sveitarfélags og einstakar ákvarðanir af hálfu þess séu í samræmi við reglur um fjármál sveitarfélags, ábyrga fjármálastjórn og upplýsingaskýldu sveitarfélaga.“
- Var í því sambandi kannað hvort bæjarstjórn hafi fylgt ákvæðum laga, reglna og samþykktar er lúta að stjórnsýslu, svo sem sveitarstjórnarlögum og lögum um tekjustofna sveitarfélaga.

2.3.2 Niðurstöður varðandi stjórnsýslu

- Við viljum taka fram að samhliða stjórnsýsluskoðun okkar höfum við komið ábendingum okkar á framfæri við stjórnendur sveitarfélagsins eftir því sem við hefur átt hverju sinni. Auk þess komum við ábendingum til bæjarstjóra í sérstakri skýrslu þar sem settar eru fram ítarlegri ábendingar varðandi stjórnsýslu og önnur atriði sem tengjast vinnu okkar.
- Munum við fylgja ábendingum okkar eftir við endurskoðunarvinnu vegna ársins 2016.
- Við viljum upplýsa bæjarstjórn um að við skoðun okkar á árinu 2015 komu ekki upp nein ný atriði og einnig kom í ljós að brugðist hafði verið með viðeigandi hætti við hluta af ábendingum sem komið var á framfæri við bæjarstjóra vegna stjórnsýsluskoðunar 2014.



3.1 Rekstrarniðurstaða í samanburði við fjárhagsáætlun

Fjárhagsáætlun ársins 2015 var samþykkt við síðari umræðu í bæjarstjórn þann 4. desember 2014

Breytingar á áætluninni (viðaukar) voru gerðar með sérstökum samþykktum bæjarstjórnar yfir árið

Fjárhagsáætlun með viðaukum er birt í ársreikningi til samanburðar við rauntölur

3.1.1 Fjárhagsáætlun og rekstur

- Rekstrarniðurstaða A hluta samkvæmt upphaflegri fjárhagsáætlun fyrir árið 2015 er jákvæð um 94 millj. kr. en þegar tekið er tillit til samþykktra viðauka er rekstrarniðurstaða áætlunarinnar neikvæð um 28 millj. kr. Rekstrarniðurstaða A og B hluta samkvæmt upphaflegri fjárhagsáætlun fyrir árið 2015 er jákvæð um 201 millj. kr. en þegar tekið er tillit til samþykktra viðauka er rekstrarniðurstaða áætlunarinnar jákvæð um 100 millj. kr. Eftirfarandi töflur eru í þúsundum króna og sýna samanburð rauntalna við fjárhagsáætlun með viðaukum og upphaflega áætlun. Einnig kemur fram hlutfallslegur mismunur rauntalna og áætlunar.
- Bent er á mikilvægi vandaðrar fjárhagsáætlunargerðar og eftirlits með þróun raunkostnaðar, en það er eitt áhrifamesta stjórnþæki í rekstri sveitarfélaga.

Rekstur A hluta

	Ársreikningur 2015	Áætlun 2015 með viðaukum	Frávik frá áætlun með viðaukum	Upphafleg áætlun 2015	Frávik frá upphafl. áætlun
Rekstrartekjur	10.339.055	9.947.792	3,9%	9.689.905	6,7%
Rekstrargjöld	(10.102.495)	(9.723.351)	(3,9%)	(9.243.779)	(9,3%)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) ...	(220.968)	(252.590)	12,5%	(352.590)	37,3%
Rekstrarniðurstaða	15.591	(28.148)		93.536	

Rekstur A og B hluta

	Ársreikningur 2015	Áætlun 2015 með viðaukum	Frávik frá áætlun með viðaukum	Upphafleg áætlun 2015	Frávik frá upphafl. áætlun
Rekstrartekjur	11.701.223	11.223.406	4,3%	10.824.483	8,1%
Rekstrargjöld	(11.155.305)	(10.649.629)	(4,7%)	(10.049.721)	(11,0%)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) ...	(380.871)	(473.433)	19,6%	(573.433)	33,6%
Rekstrarniðurstaða	165.047	100.344		201.329	

Fjárhagsáætlun ársins 2015 var samþykkt við síðari umræðu í bæjarstjórn þann 4. desember 2014

Breytingar á áætluninni (viðaukar) voru gerðar með sérstökum samþykktum bæjarstjórnar yfir árið

Fjárhagsáætlun með viðaukum er birt í ársreikningi til samanburðar við rauntölur

3.2.1 Fjárhagsáætlun og fjárfesting A hluta

- Upphafleg fjárfestingaráætlun gerði ráð fyrir 1.360 millj. kr. fjárfestingu í A hluta. Fjárfesting A hluta í varanlegum rekstrarfjármunum nam á árinu 1.449 millj. kr.
- Áætlun með viðaukum gerði ráð fyrir að fjárfestingar í A hluta yrðu 1.514 millj. kr. Viðaukar voru gerðir vegna breyting á framsetningu framlags til GKG í ársreikningi úr fjárfestingum yfir í rekstur, samkomulags um kaup á Þórukoti á Álftanesi og kaupa Þórsmörk.
- Fjárfesting ársins greinist þannig miðað við einstaka flokka eigna samkvæmt skýringu 9b í ársreikningi 2015.



	Fjárfesting ársins	Fjárfestingaráætlun Með viðaukum	Upphafleg
A hluti			
Fasteignir:			
Leikskólar.....	28.959	130.000	130.000
Grunnskólar.....	662.107	335.000	335.000
Íþróttamannvirki.....	125.024	190.000	190.000
Bæjarskrifstofur.....	54.454	70.000	70.000
Aðrar fasteignir og lóðir.....	68.640	170.000	170.000
Fasteignir samtals	939.184	895.000	895.000
Gatna- og umferðarmannvirki:			
Gatnaframkvæmdir.....	790.680	719.021	515.000
Gatnagerðargjöld.....	(436.723)	(200.000)	(150.000)
Hluti Samveitna í framkvæmdum...	(136.456)	0	0
Fært í rekstarreikning, tekjur.....	(101.267)	0	0
Fært á móti fyrirframinnh.tekjum.....	293.667	0	0
Gatnagerð samtals	409.902	519.021	365.000
Áhöld og búnaður:			
Ýmis tæki og búnaður í stofnanir...	99.845	100.000	100.000
Áhöld og búnaður samtals	99.845	100.000	100.000
A hluti	1.448.931	1.514.021	1.360.000

Fjárhagsáætlun ársins 2015 var samþykkt við síðari umræðu í bæjarstjórn þann 4. desember 2014

Breytingar á áætluninni (viðaukar) voru gerðar með sérstökum samþykktum bæjarstjórnar yfir árið

Fjárhagsáætlun með viðaukum er birt í ársreikningi til samanburðar við rauntölur

3.2.2 Fjárhagsáætlun og fjárfesting B hluta

- Fjárfestingaráætlun gerði ráð fyrir 30 millj. kr. fjárfestingu í B hluta. Ekki voru gerðir viðaukar við fjárfestingaráætlun B hluta á árinu. Fjárfesting B hluta í varanlegum rekstrarfjármunum nam á árinu 199 millj. kr.
- Fjárfesting Samveitna umfram áætlun skýrist af breytingu á meðhöndlun framkvæmdarkostnaðar nýrra gatnakerfa. Sá hluti framkvæmdarkostnaðar sem tilheyrir vatns- og fráveitulögnum er nú færður hjá Samveitum en áður hafði heildarkostnaður framkvæmda verið færður hjá Eignasjóði.
- Samhliða því var framkvæmdarkostnaður fyrri ára færður frá Eignasjóði yfir til Samveitna.
- Heildarfjárfesting A og B hluta á árinu 2015 nam 1.648 millj. kr. Áætlun með viðaukum gerði ráð fyrir 1.544 millj. kr. fjárfestingu. Frávik frá áætlun með viðaukum er 6,7%.



	Fjárfesting ársins	Fjárfestingaráætlun Með viðaukum	Upphafleg
A hluti			
Fasteignir:			
Leikskólar.....	28.959	130.000	130.000
Grunnskólar.....	662.107	335.000	335.000
Íþróttamannvirki.....	125.024	190.000	190.000
Bæjarskrifstofur.....	54.454	70.000	70.000
Aðrar fasteignir og lóðir.....	68.640	374.021	170.000
Fasteignir samtals	939.184	1.099.021	895.000
Gatna- og umferðarmannvirki:			
Gatnaframkvæmdir.....	790.680	515.000	515.000
Gatnagerðargjöld.....	(436.723)	(200.000)	(150.000)
Hluti Samveitna í framkvæmdum...	(136.456)	0	0
Fært í rekstarreikning, tekjur.....	(101.267)	0	0
Fært á móti fyrirframinnh.tekjum.....	293.667	0	0
Gatnagerð samtals	409.902	315.000	365.000
Áhöld og búnaður:			
Ýmis tæki og búnaður í stofnanir...	99.845	100.000	100.000
Áhöld og búnaður samtals	99.845	100.000	100.000
A hluti	1.448.931	1.514.021	1.360.000

4. Ársreikningur sveitarfélagsins

4.1 Rekstrarreikningur ársins 2015

Nánari greiningu er að finna á bls. 5 í ársreikningi 2015, sjóðstreymisýfirliti 2015 á bls. 8, auk skýringa nr. 4 til 8 í ársreikningi sem taka til einstakra liða í rekstrarreikningi

Ýmsar sundurliðanir á fyrirtæki og stofnanir sveitarfélagsins, málaflokka, deildir o.fl. er að finna í sérstakri sundurliðunarbók með ársreikningi 2015

4.1.1 Rekstrarreikningur A og B hluta 2015

- Samkvæmt rekstrarreikningi ársins 2015 námu rekstrartekjur A og B hluta 11.701 millj. kr. samanborið við 10.725 millj. kr. á árinu 2014. Hækkun milli ára nemur því 9,1%.
- Rekstrargjöld A og B hluta, þ.e. laun og launatengd gjöld, annar rekstrarkostnaður og afskriftir námu á árinu 11.155 millj. kr. en voru 9.990 millj. kr. á árinu 2014. Hækkun frá fyrra ári nemur 11,7%.
- Fjármagnsgjöld umfram fjármunatekjur A og B hluta árið 2015 námu 381 millj. kr. en voru 295 millj. kr. árið 2014.

Rekstur A og B hluta

	Ársreikningur 2015	Ársreikningur 2014	Breyting milli ára
Rekstrartekjur	11.701.223	10.724.573	9,1%
Rekstrargjöld	(11.155.305)	(9.990.051)	11,7%
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	(380.871)	(295.369)	28,9%
Rekstrarniðurstaða	<u>165.047</u>	<u>439.153</u>	

4.1.2 Rekstrarreikningur A hluta 2015

- Rekstrartekjur A hluta námu 10.339 millj. kr. samanborið við 9.489 millj. kr. á árinu 2014. Hækkun milli ára nemur alls 9,0%.
- Rekstrargjöld A hluta námu alls 10.102 millj. kr. á árinu 2015 en voru 9.071 millj. kr. á árinu 2014. Hækkun frá fyrra ári nemur 11,4%.
- Fjármagnsgjöld umfram fjármunatekjur A hluta árið 2015 námu 221 millj. kr. voru 178 millj. kr. árið áður.

Rekstur A hluta

	Ársreikningur 2015	Ársreikningur 2014	Breyting milli ára
Rekstrartekjur	10.339.055	9.488.683	9,0%
Rekstrargjöld	(10.102.495)	(9.071.060)	11,4%
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	(220.968)	(177.608)	24,4%
Rekstrarniðurstaða	<u>15.591</u>	<u>240.016</u>	

Nánari greiningu er að finna á bls. 6 í ársreikningi auk skýringa nr. 9 til 13 í ársreikningi sem taka til einstakra eignaliða í efnahagsreikningi

Ýmsar sundurliðanir á fyrirtæki og stofnanir sveitarfélagsins, málaflokka, deildir o.fl. er að finna í sérstakri sundurliðunarbók með ársreikningi 2015

4.2.1 Eignir A og B hluta

- Heildareignir samkvæmt efnahagsreikningi námu 23.757 millj. kr. í árslok 2015 fyrir A og B hluta, samanborið við 21.551 millj. kr. í árslok 2014. Breyting á milli ára er 10,2%.
- Varanlegir rekstrarfjármunir námu alls 21.928 millj. kr. hjá A og B hluta og 17.833 millj. kr. hjá A hluta.
- Áhættufjármunir og langtímakröfur námu 568 millj. kr.
- Önnheimtar skatttekjur námu 740 millj. kr. í árslok 2015 samanborið við 655 millj. kr. árið áður og nemur hækkunin 12,8% á milli ára.

4.2.2 Eignir A hluta

- Heildareignir A hluta námu 22.299 millj. kr. í árslok 2015 samanborið við 20.299 millj. kr. í árslok 2014 sem er hækkun um 8,9% á milli ára.

Eignir A og B hluta

	Ársreikningur 2015	Ársreikningur 2014	Breyting milli ára
Leigðar eignir	360.314	400.693	(10,1%)
Aðrir varanlegir rekstrarfjármunir	21.567.964	19.395.901	11,2%
Áhættufjármunir og langtímakröfur ...	567.745	567.101	0,1%
Birgðir	2.948	3.750	(21,4%)
Önnheimtar skatttekjur	739.573	655.460	12,8%
Aðrar skammtímakröfur	494.162	352.429	40,2%
Handbært fé og verðbréf	24.471	175.335	(86,0%)
Eignir samtals	<u>23.757.177</u>	<u>21.550.669</u>	10,2%

Eignir A hluta

	Ársreikningur 2015	Ársreikningur 2014	Breyting milli ára
Leigðar eignir	360.314	400.693	(10,1%)
Aðrir varanlegir rekstrarfjármunir	17.472.415	16.344.920	6,9%
Áhættufjármunir og langtímakröfur ...	2.022.618	2.091.541	(3,3%)
Birgðir	2.948	3.750	(21,4%)
Önnheimtar skatttekjur	739.573	655.460	12,8%
Aðrar skammtímakröfur	1.480.441	627.191	136,0%
Handbært fé	24.471	175.335	(86,0%)
Eignir samtals	<u>22.102.780</u>	<u>20.298.891</u>	8,9%

Nánari greiningu er að finna á bls. 7 í ársreikningi auk skýringa nr. 14 til 18 í ársreikningi sem taka til einstakra eiginfjár- og skuldaliða í efnahagsreikningi

Ýmsar sundurliðanir á fyrirtæki og stofnanir sveitarfélagsins, málaflokka, deildir o.fl. er að finna í sérstakri sundurliðunarbók með ársreikningi 2015

4.2.3 Skuldir og skuldbindingar A og B hluta

- Heildarskuldir og skuldbindingar samkvæmt efnahagsreikningi námu 11.863 millj. kr. í árslok 2015 fyrir A og B hluta, samanborið við 10.064 millj. kr. í árslok 2014.
- Lífeyrisskuldbinding nam 1.935 millj. kr. í árslok 2015 auk 63 millj. kr. næsta árs greiðslna og hækkaði hún um 9,7% á milli ára.
- Langtímaskuldir við lánastofnanir námu alls 5.091 millj. kr. hjá A og B hluta auk 704 millj. kr. næsta árs afborgana.
- Núvirði leiguskulda nam 611 millj. kr. í árslok 2015, auk 54 millj. kr. næsta árs afborgunar.

4.2.4 Eigið fé A og B hluta

- Eigið fé A og B hluta nam 11.894 millj. kr. í árslok 2015 og er eiginfjárlutfall sveitarfélagsins 50,1% samanborið við 53,3% í árslok 2014. Gerð er grein fyrir breytingum á eigin fé í skýringu 14 í ársreikningi.

Eigið fé og skuldir A og B hluta

	Ársreikningur 2015	Ársreikningur 2014	Breyting milli ára
Eiginfjárreikningar	11.894.271	11.486.609	3,5%
Lífeyrisskuldbinding	1.935.417	1.763.757	9,7%
Skuldir við lánastofnanir	5.090.526	5.071.598	0,4%
Leiguskuldir	610.985	646.086	(5,4%)
Fyrirframinnheimtar tekjur	1.845.886	658.188	180,4%
Aðrar skammtímaskuldir	2.380.091	1.924.432	23,7%
Eigið fé og skuldir samtals	23.757.177	21.550.669	10,2%



Nánari greiningu er að finna á bls. 7 í ársreikningi auk skýringa nr. 14 til 18 í ársreikningi sem taka til einstakra eiginfjár- og skuldaliða í efnahagsreikningi

Ýmsar sundurliðanir á fyrirtæki og stofnanir sveitarfélagsins, málaflokka, deildir o.fl. er að finna í sérstakri sundurliðunarbók með ársreikningi 2015

4.2.5 Skuldir og skuldbindingar A hluta

- Heildarskuldir og skuldbindingar A hluta námu 10.897 millj. kr. í árslok 2015 samanborið við 9.351 millj. kr. í árslok 2014.
- Lífeyrisskuldbinding nam 1.914 millj. kr. í árslok 2015 auk 63 millj. kr. næsta árs greiðslna og hækkaði hún um 9,7% á milli ára.
- Langtímaskuldir við lánastofnanir námu alls 4.190 millj. kr. auk 691 millj. kr. næsta árs afborgana.
- Fyrirframinnheimtar tekjur nema 1.846 millj. kr. og hækka umtalsvert vegna færslu á veituframkvæmdum frá Eignasjóði til Samveitna.

4.2.6 Eigið fé A hluta

- Eigið fé A hluta nam 11.206 millj. kr. í árslok 2015 og er eiginfjárlutfallið 50,7% samanborið við 53,9% í árslok 2014.

Eigið fé og skuldir A hluta

	Ársreikningur 2015	Ársreikningur 2014	Breyting milli ára
Eiginfjárreikningar	11.205.973	10.947.766	2,4%
Lífeyrisskuldbinding	1.914.345	1.744.719	9,7%
Skuldir við lánastofnanir	4.189.973	4.175.694	0,3%
Leiguskuldir	610.985	646.086	(5,4%)
Fyrirframinnheimtar tekjur	1.845.886	658.188	180,4%
Aðrar skammtímaskuldir	2.335.618	2.126.437	9,8%
Eigið fé og skuldir samtals	22.102.780	20.298.891	8,9%



Ýmsar sundurliðanir á fyrirtæki og stofnanir sveitarfélagsins, málaflokka, deildir o.fl. er að finna í sérstakri sundurliðunarbók með ársreikningi 2015

4.3.1 Sjóðstreymisýfirlit A og B hluta

- Samkvæmt sjóðstreymisýfirliti nam veltufé frá rekstri A og B hluta 1.262 millj. kr. á árinu 2015 samanborið við 1.349 millj. kr. á árinu. Að teknu tilliti til breytinga á rekstrartengdum eignum og skuldum nam handbært fé frá rekstri A og B hluta um 1.156 millj. kr. samanborið við 1.460 millj. kr. á árinu 2014.
- Fjárfestingarhreyfingar A og B hluta (útborganir umfram innborganir) á árinu námu 1.469 millj. kr.
- Lántökur umfram afborganir langtímalána og leiguskulda námu 162 millj. kr. á árinu samanborið við afborganir umfram lántökur að fjárhæð 135 millj. kr. árið áður.
- Handbært fé lækkaði um 151 millj. kr. á árinu og nam það 24 millj. kr. í árslok 2015.

4.3.2 Sjóðstreymisýfirlit A hluta

- Samkvæmt sjóðstreymisýfirliti nam veltufé frá rekstri A hluta 930 millj. kr. á árinu 2015 samanborið við 1.018 millj. kr. á árinu 2014. Að teknu tilliti til breytinga á rekstrartengdum eignum og skuldum nam handbært fé frá rekstri A hluta 824 millj. kr. samanborið við 1.144 millj. kr. á árinu 2014.
- Fjárfestingarhreyfingar A hluta á árinu (útborganir umfram innborganir) námu 1.172 millj. kr. samanborið við 1.298 millj. kr. á árinu 2014.
- Fjármögnunarhreyfingar ársins fyrir A hluta sýna að innborganir umfram útborganir voru 197 millj. kr. á árinu 2015, sem þýðir að lántökur voru hærri en aðrar fjármögnunarhreyfingar á árinu sem nemur þeirri fjárhæð.

Sjóðstreymisýfirlit A og B hluta

	Ársreikningur 2015	Ársreikningur 2014
Veltufé frá rekstri	1.262.171	1.349.172
Breytingar á rekstrart. eignum og skuldum	(106.102)	110.518
Handbært fé frá rekstri	1.156.069	1.459.690
Fjárfestingarhreyfingar	(1.468.654)	(1.490.643)
Fjármögnunarhreyfingar	161.721	(135.345)
Breyting á handbæru fé	(150.864)	(166.299)

Sjóðstreymisýfirlit A hluta

	Ársreikningur 2015	Ársreikningur 2014
Veltufé frá rekstri	930.089	1.017.986
Breytingar á rekstrart. eignum og skuldum	(105.762)	125.924
Handbært fé frá rekstri	824.327	1.143.910
Fjárfestingarhreyfingar	(1.171.877)	(1.298.324)
Fjármögnunarhreyfingar	196.686	(11.884)
Breyting á handbæru fé	(150.864)	(166.299)

5.1 Almennt

Sveitarstjórnarlög nr.
138/2011

Lög um bókhald nr.
145/1994

Lög um ársreikninga nr.
3/2006

Reglugerð nr. 1212/2015

5.1.1 Almennt um reikningsskilaaðferðir

- Við höfum kannað að fylgt hafi verið viðurkenndum reikningsskilaaðferðum við framsetningu ársreikningsins og mat einstakra liða og að hann hafi að geyma þær upplýsingar um rekstur og fjárhagsstöðu sveitarfélagsins sem lög og reglur mæla fyrir um.
- Í reglugerð nr. 1212/2015, um bókhald, fjárhagsáætlánir og ársreikninga sveitarfélaga, sem tók gildi hinn 1. janúar 2016, eru ákvæði um reikningsskil sveitarfélaga. Þar er gert ráð fyrir að sveitarfélög hagi bókhaldi sínu og reikningsskilum í samræmi við ákvæði laga um bókhald nr. 145/1994, lög um ársreikninga nr. 3/2006 og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga nr. 696/1996, að svo miklu leyti sem sveitarstjórnarlög nr. 138/2011 mæla ekki fyrir á annan veg eða reglugerðir settar á grundvelli þeirra. Ársreikningar sveitarfélaga byggja á almennum reikningsskilaaðferðum.
- Markverðar breytingar frá eldri reglugerð eru tengdar útfærslu á gerð viðauka við fjárhagsáætlánir, gerð yfirlits um ábyrgðir og skuldbindingar utan samstæðu, breytingar á framsetningu ársreikninga og fjárhagsáætlána og endurskoðaðri framsetningu bókhaldslykla.
- Framsetning ársreiknings Garðabæjar hefur tekið breytingum í samræmi við ákvæði nýju reglugerðarinnar en þar má meðal annars nefna lítilsháttar breytingu á framsetningu rekstrarreiknings, breytt yfirlit um lykiltölur A hluta og A og B hluta fyrir síðustu þrjú ár sbr. skýringu 23 í ársreikningi.
- Ársreikningur Garðabæjar fyrir árið 2015 byggir í meginatriðum á sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður í samræmi við framangreind lög og reglur.
- Gerð er grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum í skýringu 3 í ársreikningi.



5.2 Fastafjármunir

Nánari greiningu er að finna á bls. 6 í ársreikningi auk skýringa nr. 9 til 12 í ársreikningi sem taka til fastafjármuna í efnahagsreikningi

5.2.1 Varanlegir rekstrarfjármunir

- Varanlegir rekstrarfjármunir fyrir A og B hluta námu um 21.928 millj. kr. í árslok 2015 eða um 92,3% af heildareignum sveitarfélagsins.
- Leigðar eignir eru fasteignir og önnur mannvirki sem sveitarfélagið leigir til sín samkvæmt leigusamningum sem eru að lágmarki til þriggja ára og ekki uppsegjanlegir af hálfu sveitarfélagsins innan árs á upphafsdegi leigusamnings.
- Lóðir og lendur eru færðar á gangvirði eða núvirði framtíðarleigutekna samkvæmt fyrirbyggjandi leigusamningum sé það lægra. Lóðir og lendur eru endurmetnar á hverjum reikningsskiladegi og endurmat er fært á eiginfjárreikning. Endurmat er fært ef breyting frá bókfærðu verði nemur 5% eða meira. Lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af eru ekki afskrifaðar. Endurmat lóða og lendna á árinu nemur 243 millj. kr. og er bókfært verð lóða og lendna 4.377 millj. kr. í árslok 2015.

5.2.2 Stofnframlög og eignahlutir í félögum

- Eignarhlutir A og B hluta í félögum nema alls 500 millj. kr. í árslok samkvæmt efnahagsreikningi 2015 en engin breyting varð á því á árinu.

5.2.3 Langtímakröfur

- Langtímakröfur A og B hluta að fjárhæð 68 millj. kr. eru færðar meðal fastafjármuna, en næsta árs afborganir að fjárhæð 3 millj. kr. eru færðar meðal veltufjármuna.



Nánari greiningu er að finna á bls. 6 í ársreikningi auk skýringar nr. 13 í ársreikningi sem tekur til veltufjármuna í efnahagsreikningi

5.3.1 Óinnheimtar skatttekjur

- Útsvar og fasteignaskattur ársins 2015 nam 8.402 millj. kr. samanborið við 7.757 millj. kr. árið 2014. Það svarar til 8,3% hækkunar á milli ára.
- Samkvæmt efnahagsreikningi námu óinnheimtar skatttekjur 740 millj. kr. í árslok 2015 samanborið við 655 millj. kr. í árslok 2014.
- Óbein niðurfærsla óinnheimtra skatttekna nam 303 millj. kr. í árslok 2015 en í árslok 2014 um 386 millj. kr. og lækkar því niðurfærslan um 83 millj. kr. milli ára. Lækkun niðurfærslu er færð til hækkunar á skatttekjum og vaxtatekjum í rekstrarreikningi.
- Niðurfærslan er metin út frá greiningu á eftirstöðvum útsvars sem lagt er á gjaldendur utan staðgreiðslu. Hlutfall óbeinnar niðurfærslu nemur 84% í árslok 2015.
- Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður mótreikningur sem mæta á þeim kröfum sem kunna að tapast og er hann dreginn frá óinnheimtum skatttekjum í árslok í efnahagsreikningi.

5.3.2 Aðrar skammtímakröfur

- Samkvæmt efnahagsreikningi námu aðrar skammtímakröfur A og B hluta 491 millj. kr. í árslok 2015, en á árinu voru afskrifaðar kröfur að fjárhæð 2 millj. kr.
- Óbein niðurfærsla viðskiptakrafna nam 21 millj. kr. í árslok 2015 og hækkaði um 6 millj. kr. á árinu.
- Eins og fram kom hér að framan er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður mótreikningur sem mæta á þeim kröfum sem kunna að tapast og er hann dreginn frá skammtímakröfum í árslok í efnahagsreikningi. Nemur hlutfall óbeinnar niðurfærslu annarra krafna um 4,2% sem er sama hlutfall og í árslok 2014.



Nánari greiningu er að finna á bls. 7 í ársreikningi auk skýringa nr. 15 til 18 í ársreikningi sem taka til einstakra skuldaliða í efnahagsreikningi

5.4.1 Lífeyrisskuldbinding

- Á sveitarfélaginu hvílir skuldbinding vegna lífeyrisréttinda starfsmanna sveitarfélagsins. Lífeyrisskuldbindingin nam 1.998 millj. kr. í árslok 2015 og nemur nettó hækkun skuldbindingarinnar á árinu 181 millj. kr. sbr. skýringu 15 í ársreikningi 2015.
- Í skýringu um lífeyrisskuldbindingu eru birtar upplýsingar um áætlaðar greiðslur vegna þeirra á næstu ár.

5.4.2 Skuldir við lánastofnanir

- Skuldir A og B hluta við lánastofnanir nema samtals 5.795 millj. kr. og skiptast í langtímalán að fjárhæð 5.091 millj. kr. og næsta árs afborganir langtímalána að fjárhæð 704 millj. kr.
- Hluti langtímalánanna er í erlendum gjaldmiðlum, eða sem svarar til 1,3% af lánunum, 97,2% af langtímalánum eru verðtryggð lán í íslenskum krónum og 1,5% óverðtryggð lán í íslenskum krónum. Framangreindar skuldir eru færðar í efnahagsreikning í árslok eins og lánskjör segja til um.

5.4.3 Leiguskuldir

- Leiguskuldir vegna húsaleigusamninga nema 665 millj. kr. í árslok og skiptast í langtímahluta að fjárhæð 611 millj. kr. og skammtíma-hluta að fjárhæð 54 millj. kr.
- Leigugreiðslur eru færðar í ársreikninginn þannig að hluti greiðslunnar fer til lækkunar á leiguskuld, hluti færirist sem vaxtagjöld og hluti sem rekstrarkostnaður. Skiptingu á heildarleigu-greiðslum ársins má sjá í skýringu 17 í ársreikningi.

5.4.4 Skammtímaskuldir

- Samkvæmt efnahagsreikningi námu aðrar skammtímaskuldir og fyrirframinnheimtar tekjur A og B hluta 2.380 millj. kr. í árslok 2015 samanborið við 1.924 millj. kr. í árslok 2014.

5.4.5 Fyrirframinnheimtar tekjur

- Framkvæmdarkostnaður vegna fjárfestinga í nýjum gatnakerfum er færður til eignar í Eignasjóði og innheimtar tekjur gatnagerðargjalda færðar til lækkunar á fjárfestingunni. Tekjur umfram framkvæmdakostnað eru færðar sem fyrirframinnheimtar tekjur, sbr. skýringu 18 í ársreikningi.
- Á árinu var hluti framkvæmdakostnaðar sem tilheyrir vatns- og fráveitulögnum vegna fyrri ára færður frá Eignasjóði og yfir til Samveitna og hækka því fyrirframinnheimtar tekjur samtals 976 millj. kr.

5.4.6 Skuldbindingar utan efnahagsreiknings


- Sveitarfélagið er ásamt öðrum sveitarfélögum á höfuðborgar-svæðinu þátttakandi í þremur byggðasamlögum, sbr. skýr. 10. Sveitarfélögin bera hlutfallslega ábyrgð á skuldum og skuldbindingum byggðasamlaganna miðað við samanlagða íbúatölu á hverju ári.
- Á sveitarfélaginu hvíla ábyrgðarskuldbindingar gagnvart þriðja aðila vegna skuldabréfalána sem Garðasókn tók vegna framkvæmda. Eftirstöðvar þeirra námu 2 millj. kr. í árslok 2015.
- Í reglugerð nr. 1212/2015, um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga, sem tók gildi hinn 1. janúar 2016 skulu sveitarfélög árlega útbúa ábyrgða- og skuldbindingayfirlit og skal það staðfest samhliða staðfestingu ársreiknings hvers árs. Í yfirlitinu skulu koma fram upplýsingar um verkefni sem rekin eru á ábyrgð sveitarfélagsins. Einnig skulu koma fram upplýsingar um ábyrgðir sem sveitarfélagið hefur veitt til fyrirtækja eða verkefna. Fyrir hvert fyrirtæki eða verkefni skal veita samandregnar fjárhagsupplýsingar á tilteknu formi.

6.1 Heildareignir

Heildareignir A hluta nema samkvæmt efnahagsreikningi í árslok 22.103 millj. kr., en A og B hluta 23.757 millj. kr. Bókfærðar heildareignir sveitarfélagsins hafa á árinu 2015 hækkað um 2.207 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi.

Eftirfarandi stöplarit sýnir yfirlit um heildareignir í millj. kr. fyrir A hluta annars vegar og A og B hluta hins vegar. Árin 2014 og 2015 eru heildareignir tilgreindar samkvæmt ársreikningum, en árin 2016 til 2019 eru birt í samræmi við áætlaða breytingu heildareigna í samþykktum fjárhagsáætlunum sveitarfélagsins.

Heildareignir í millj. kr.




6.2 Eiginfjárlutfall

Eigið fé A hluta nemur samkvæmt efnahagsreikningi í árslok 11.206 millj. kr. eða 50,7% af heildareignum og eigið fé A og B hluta 11.894 millj. kr., eða 50,1% af heildareignum samkvæmt efnahagsreikningi. Bókfært eigið fé A hluta hækkar á árinu um 258 millj. kr. og eigið fé A og B hluta hækkar um 408 millj. kr. sbr. skýringu 14 í ársreikningi 2015.

Eftirfarandi línurit sýnir eiginfjárlutfall A hluta annars vegar og A og B hluta hins vegar. Árin 2014 og 2015 eru heildareignir tilgreindar samkvæmt ársreikningum, en árin 2016 til 2019 eru birt í samræmi við áætlaða breytingu heildareigna í samþykktum fjárhagsáætlunum sveitarfélagsins.

Eiginfjárlutfall




6.3 Heildarskuldir og skuldbindingar

Skuldir og skuldbindingar A hluta nema samkvæmt efnahagsreikningi í árslok 10.897 millj. kr., en A og B hluta 11.863 millj. kr. Heildarskuldir og skuldbindingar sveitarfélagsins hafa á árinu 2015 hækkað um 1.799 millj. kr.

Eftirfarandi stöplarit sýnir yfirlit um heildarskuldir og skuldbindingar í millj. kr. fyrir A hluta annars vegar og samantekinn A og B hluta hins vegar. Árin 2014 og 2015 eru heildareignir tilgreindar samkvæmt ársreikningum, en árin 2016 til 2019 eru birt í samræmi við áætlaða breytingu á heildarskuldum og skuldbindingum í samþykktum fjárhagsáætlunum sveitarfélagsins.

Skuldir og skuldbindingar í þús. kr.



6.4 Skuldahlutfall og skuldaviðmið


Samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 sem tóku gildi í ársbyrjun 2012 ber sveitarstjórn að sjá til þess að rekstri, fjárfestingum og ráðstöfun eigna og sjóða sé þannig hagað á hverjum tíma að sveitarfélagið muni til framtíðar geta sinnt skyldubundnum verkefnum sínum (64. gr.). Framangreindri skyldu skulu sveitarstjórnir m.a. fullnægja með því að heildarskuldir og skuldbindingar A og B hluta séu ekki hærri en sem nemur 150% af reglulegum tekjum.

Skuldahlutfall og skuldaviðmið eru skilgreind í reglugerð um fjárhagsleg viðmið og eftirlit með fjármálum sveitarfélaga nr. 502/2012.

Skuldahlutfall A og B hluta Garðabæjar samkvæmt ársreikningi er 101,4% í árslok 2015.

Eftirfarandi línurit sýnir yfirlit um þróun skuldahlutfalls fyrir A hluta annars vegar og samantekinn A og B hluta hins vegar. Árin 2014 og 2015 eru skuldir miðaðar við ársreikninga fyrir viðkomandi ár, en 2016 til 2019 í samræmi við áætlaða breytingu á heildarskuldum og skuldbindingum í samþykktum áætlunum sveitarfélagsins. Við útreikning á hlutfallinu er miðað við rekstrartekjur samkvæmt sömu ársreikningum og áætlunum.

Skuldahlutfall



6.4 Skuldahlutfall og skuldaviðmið, framhald


Skuldahlutfall og skuldaviðmið eru skilgreind í reglugerð um fjárhagsleg viðmið og eftirlit með fjármálum sveitarfélaga nr. 502/2012. Skuldaviðmið A og B hluta Garðabæjar samkvæmt ársreikningi er 84,2% í árslok 2015.

Við útreikning á skuldaviðmiði skal draga frá heildarskuldum núvirði lífeyrisskuldbindinga sem áætlað er að komi til greiðslu lífeyris eftir 15 ár og síðar sem og hreint veltufé sé það jákvætt.

Einnig skal draga frá heildarskuldum núvirði leigugreiðslna hafi sveitarfélag gert leigusamning við ríkissjóð um fjármögnun verkefna um fasteignir.

Eftirfarandi línurit sýnir yfirlit um þróun skuldaviðmiðs fyrir A hluta annars vegar og samantekinn A og B hluta hins vegar. Árin 2014 og 2015 eru skuldir miðaðar við ársreikninga fyrir viðkomandi ár, en 2016 til 2019 í samræmi við áætlaða breytingu á heildarskuldum og skuldbindingum í samþykktum áætlunum sveitarfélagsins. Við útreikning á viðmiðinu er miðað við rekstrartekjur samkvæmt sömu ársreikningum og áætlunum.

Skuldaviðmið




6.5 Rekstrarjöfnuður á þriggja ára tímabili

Samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 sem tóku gildi í ársbyrjun 2012 ber sveitarstjórn að sjá til þess að rekstri, fjárfestingum og ráðstöfun eigna og sjóða sé þannig hagað á hverjum tíma að sveitarfélagið muni til framtíðar geta sinnt skyldubundnum verkefnum sínum (64. gr.). Framangreindri skyldu skulu sveitarstjórnir m.a. fullnægja með því að samanlögð heildarútgjöld til rekstrar vegna A og B hluta séu á hverju þriggja ára tímabili ekki hærri en nemur samanlögðum reglulegum tekjum.

Eins og sjá má á stöplaritinu verður rekstrarjöfnuður Garðabæjar jákvæður á komandi árum gangi áætlanir eftir.

Eftirfarandi stöplarit sýnir yfirlit um þróun rekstrarjafnaðar fyrir A hluta annars vegar og samantekinn A og B hluta hins vegar. Árin 2014 og 2015 er rekstrarniðurstaða miðuð við ársreikning fyrir viðkomandi ár, en 2016 til 2019 í samræmi við áætlaða rekstrarniðurstöðu í samþykktum fjárhagsáætlunum sveitarfélagsins.

Rekstrarjöfnuður á þriggja ára tímabili, í millj. kr.




6.6 Framlegðarhlutfall

Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga skal við yfirferð sína á ársreikningum og fjárhagsáætlunum sveitarfélaga, athuga hvort sveitarfélag uppfyllir viðmið um rekstur og skuldastöðu, sbr. 64. gr. sveitarstjórnarlaga. Sama á við um viðauka við fjárhagsáætlun ef þeir hafa áhrif á rekstrarniðurstöðu eða skuldastöðu sveitarfélagsins. Athugun á skilgreindum viðmiðum og lykiltölum eru meðal annarra þátta grundvöllur heildarmats eftirlitsnefndar á fjárhagsstöðu og fjárhagslegri sjálfbærni sveitarfélaga.

Ein af þeim lykiltölum sem miðað er við er framlegð sem hlutfall af reglulegum tekjum. Framlegð er samkvæmt skilgreiningu reglulegar tekjur að fráðregnum rekstrargjöldum, en án afskrifta, fjármunatekna og fjármagnsgjalda.

Eftirfarandi stöplarit sýnir yfirlit um þróun framlegðarhlutfalls fyrir A hluta annars vegar og samantekinn A og B hluta hins vegar. Árin 2014 og 2015 er miðað við ársreikning fyrir viðkomandi ár, en 2016 til 2019 er miðað við áætlaða niðurstöðu í samþykktum fjárhagsáætlunum sveitarfélagsins.

Framlegðarhlutfall



Til A hluta sveitarfélagsins teljast Aðalsjóður, Eignasjóður og Þjónustumiðstöð

Ýmsar sundurliðanir á fyrirtæki og stofnanir sveitarfélagsins, málaflokka, deildir o.fl. er að finna í sérstakri sundurliðunarbók með ársreikningi 2015

7.1.1 Aðalsjóður

- Hlutverk Aðalsjóðs er umsjón með hefðbundinni starfsemi sveitarfélags er lýtur fyrst og fremst að lögbundnum verkefnum þess og heyrir beint undir sveitarstjórn. Starfsemi Aðalsjóðs er að mestu leyti fjármögnuð af skatttekjum.
- Rekstrarniðurstaða Aðalsjóðs var jákvæð um 168 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi 2015. Eigið fé í árlök nemur 12.188 millj. kr. Veltufé frá rekstri nemur á árinu 156 millj. kr. samkvæmt sjóðstreymisýfirliti.

7.1.2 Eignasjóður

- Rekstur Eignasjóða sveitarfélaga hófst í ársbyrjun 2002 þegar reikningsskilaaðferðum sveitarfélaga var breytt.
- Rekstrarniðurstaða Eignasjóðs var neikvæð um 82 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi 2015. Eigið fé Eignasjóðs í árlök 2015 var neikvætt um 844 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi. Veltufé frá rekstri nam 835 millj. kr. samkvæmt sjóðstreymisýfirliti.
- Fasteignafélagið Langalína ehf. var áður hluti af Eignarsjóði. Í ársbyrjun 2015 voru allar eignir og skuldir félagsins fluttar yfir í Eignasjóð. Fyrirhugað er að slíta félaginu.
- Meginhlutverk Eignasjóðs er að veita einstökum sviðum í rekstri sveitarfélagsins þjónustu gegn leigu sem endurspeglar raunkostnað, þar sem rekstrarkostnaði og stofnkostnaði einstakra eigna er dreift á endingartíma þeirra.

7.1.3 Þjónustumiðstöð

- Meginhlutverk þjónustumiðstöðvar er að veita einstökum sviðum í rekstri sveitarfélagsins þjónustu gegn endurgjaldi sem endurspeglar raunkostnað.
- Rekstrarniðurstaða þjónustumiðstöðvar var neikvæð á árinu 2015 að fjárhæð 71 millj. kr. og veltufé til rekstrar nam 61 millj. kr. Nánar tilgreint voru rekstrartekjur 98 millj. kr. rekstrargjöld 162 millj. kr. og fjármagnsgjöld 7 millj. kr.
- Við höfum undanfarin ár vakið athygli á viðvarandi rekstrarhalla þjónustumiðstöðvar og mikilvægi þess að gjaldskrá og verkbókhald sé sett þannig upp að þjónustumiðstöðin hafi á hverjum tíma nægar tekjur til að mæta kostnaði við rekstur.
- Í ársbyrjun var ójafnað tap fyrri ára jafnað með eftirgjöf skulda við Aðalsjóð. Rekstrarhalla sjóðsins er hins vegar áframhaldandi og því viðeigandi að benda áfram á að nauðsynlegt er að yfirfara rekstur sjóðsins þannig að hann sé ekki rekinn með halla.



Til B hluta teljast fjárhagslega sjálfstæð fyrirtæki sem að hálfu eða meirihluta eru í eigu sveitarfélagsins, en rekstur þessara fyrirtækja er fjármagnaður með þjónustutekjum

Fyrirtæki sem falla undir B hluta starfsemi sveitarfélagsins eru Samveitur Garðabæjar, Hjúkrunarheimilið Ísafold, Strikið 3 og Garðahús ehf.

Ýmsar sundurliðanir á fyrirtæki og stofnanir sveitarfélagsins, málaflokka, deildir o.fl. er að finna í sérstakri sundurliðunarbók með ársreikningi 2015

7.2.1 Samveitur Garðabæjar

- Rekstrarniðurstaða Samveitna var jákvæð um 286 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi 2015.
- Veltufé frá rekstri nam 363 millj. kr. samkvæmt sjóðstremisýfirlit.
- Fjárfesting í veitukerfum nam 183 millj. kr. á árinu 2015.
- Á árinu var sá hluti framkvæmdarkostnaðar í nýjum gatnakerfum fyrir ára sem tilheyrir vatns- og fráveitulögnum færður frá Eignasjóði yfir til Samveitna alls 976 millj. kr.
- Nemur bókfært verð varanlegra fastafjármuna Samveitna 2.262 millj. kr. í árslok samanborið við 1.169 millj. kr. árið áður.
- Eigið fé í árslok var jákvætt um 1.174 millj. kr.

7.2.2 Garðahús ehf.

- Rekstrarniðurstaða Garðahúsa ehf. var neikvæð um 3 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi 2015. Eigið fé í árslok var neikvætt um 202 millj. kr. Veltufé frá rekstri nam 10 millj. kr.
- Langtímaskuldir félagsins námu alls 374 millj. kr. í árslok 2015 en voru 372 millj. kr. í árslok 2014. Breyting á milli ára stafar af gjaldfærðum verðbótum að fjárhæð 8 millj. kr. og afborgunum að fjárhæð 6 millj. kr.
- Viðskiptaskuld Garðahúsa ehf. við Aðalsjóð lækkaði um 4 millj. kr. á árinu.

Samveitur

	Ársreikningur 2015	Ársreikningur 2014	Breyting milli ára
Rekstrartekjur	620.388	562.661	10,3%
Rekstrargjöld	(286.128)	(251.815)	13,6%
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	(47.809)	(24.838)	92,5%
Rekstrarniðurstaða	<u>286.451</u>	<u>286.008</u>	

Garðahús

	Ársreikningur 2015	Ársreikningur 2014	Breyting milli ára
Rekstrartekjur	34.437	34.696	(0,7%)
Rekstrargjöld	(18.745)	(14.253)	31,5%
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	(18.949)	(16.094)	
Rekstrarniðurstaða	<u>(3.257)</u>	<u>4.350</u>	

Til B hluta teljast fjárhagslega sjálfstæð fyrirtæki sem að hálfu eða meirihluta eru í eigu sveitarfélagsins, en rekstur þessara fyrirtækja er fjármagnaður með þjónustutekjum

Fyrirtæki sem falla undir B hluta starfsemi sveitarfélagsins eru Samveitur Garðabæjar, Hjúkrunarheimilið Ísafold, Strikið 3 og Garðahús ehf.

Ýmsar sundurliðanir á fyrirtæki og stofnanir sveitarfélagsins, málaflokka, deildir o.fl. er að finna í sérstakri sundurliðunarbók með ársreikningi 2015

7.2.3 Hjúkrunarheimilið Ísafold

- Hjúkrunarheimilið Ísafold tók til starfa í nýju húsnæði að Strikinu 3 í apríl 2013. Um er að ræða 60 rýma hjúkrunarheimili sem Garðabæ rekur með daggjöldum frá Velferðarráðuneytinu, samkvæmt reglugerð nr. 99/2014.
- Rekstrarniðurstaða Hjúkrunarheimilisins Ísafoldar var neikvæð um 146 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi 2015 en var neikvæð um 125 millj. kr. árið 2014.
- Veltufé til rekstrar nam 144 millj. kr. samkvæmt sjóðstreymisýfirlit og er rekstur ársins fjármagnaður með láni frá A hluta sveitarfélagsins.
- Samtals nam skuld Hjúkrunarheimilisins Ísafoldar við Aðalsjóð Garðabæjar 290 millj. kr. í árslok 2015.
- Á árinu 2015 var kostnaður við rekstur dagdvalar, sem færður hafði verið í B hluta hjá hjúkrunarheimilinu á árunum 2013 og 2014, leiðréttur og færður sem rekstur öldrunarmála hjá Aðalsjóði. Samtals nam leiðréttingin vegna fyrri ára 126 millj. kr. og var hún færð yfir eigið fé, sbr. skýringu 14 með ársreikningi. Á árinu 2015 var kostnaður við rekstur dagdvalar færður hjá Aðalsjóði.
- Við samþykkt á fjárhagsáætlun fyrir árið 2016 var einungis gert ráð fyrir rekstri Ísafoldar, hjúkrunarheimilis í þrjá mánuði á árinu 2016. Á fundi bæjarráðs í desember 2015 gerði bæjarstjóri grein fyrir fundi með fulltrúum verferðarráðuneytis þar sem sameiginleg ákvörðun var að hefja undirbúning að gerð samninga um yfirtöku ríkisins á starfsemi Ísafoldar á árinu 2016.
- Þá hefur verið samþykkt að stefna íslenska ríkinu og krefjast greiðslu skaðabóta vegna uppsafnaðrar skuldar af neikvæðri afkomu í rekstri heimilisins allt upphafi starfseminnar í apríl 2013.

Hjúkrunarheimilið Ísafold

	Ársreikningur 2015	Ársreikningur 2014	Breyting milli ára
Rekstrartekjur	580.185	534.152	8,6%
Rekstrargjöld	(716.306)	(652.327)	9,8%
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	(9.607)	(7.071)	35,9%
Rekstrarniðurstaða	(145.728)	(125.246)	



Til B hluta teljast fjárhagslega sjálfstæð fyrirtæki sem að hálfu eða meirihluta eru í eigu sveitarfélagsins, en rekstur þessara fyrirtækja er fjármagnaður með þjónustutekjum

Fyrirtæki sem falla undir B hluta starfsemi sveitarfélagsins eru Samveitur Garðabæjar, Hjúkrunarheimilið Ísafold, Strikið 3 og Garðahús ehf.

Ýmsar sundurliðanir á fyrirtæki og stofnanir sveitarfélagsins, málaflokka, deildir o.fl. er að finna í sérstakri sundurliðunarbók með ársreikningi 2015

7.2.4 Strikið 3

- Á árinu 2011 gerði Garðabær samning við Félags- og tryggingamálaráðuneytið (nú Velferðarráðuneyti) um byggingu og þátttöku í leigu hjúkrunarheimilis fyrir aldraða í Garðabæ.
- Stofnaður var sérstakur B hluta sjóður sem nefndur er Strikið 3 þar sem haldið var utan um framkvæmdakostnað og fjármögnum byggingarinnar.
- Starfsemi hjúkrunarheimilisins hófst í apríl 2013 og námu leigutekjur frá ríkinu vegna framangreinds samnings 116 millj. kr. á árinu 2015.
- Er farið með umræddan samning í samræmi við álit Reikningsskila og upplýsinganefndar sveitarfélaga nr. 1/2013, um reikningsskilaleg meðferð leigusamninga við ríkissjóð vegna hjúkrunarheimila.
- Fasteignin var því færð til eignar meðal varanlegra rekstrarfjármuna í framangreindum B hluta sjóði á kostnaðarverði og afskriftir og leigutekjur af eigninni færðar í rekstrarreikning.
- Samkvæmt sama áleti er heimilt að draga núvirði slíks samnings frá heildarskuldum við útreikning á skuldaviðmiði. Núvirði samningsins nam 1.399 millj. kr. í árslok 2015.
- Áfallinn framkvæmdakostnaður við hjúkrunarheimilið nam 1.789 millj. kr. í árslok 2015. Eignfærður framkvæmdakostnaður á árinu 2015 var 16 millj. kr., en þar af nam eignfærður byggingarkostnaður 3 millj. kr. og fjárfesting í búnaði 13 millj. kr.
- Fjárfestingin er fjármögnuð annars vegar með langtímaláni frá lánastofnunum og hins vegar með láni frá Aðalsjóði.
- Rekstrarniðurstaða Striksins 3 var jákvæð um 12 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi 2015 samanborið við 34 millj. kr. árið áður.
- Veltufé frá rekstri nam 103 millj. kr. samkvæmt sjóðstreymisýfirlit.

- Sveitarfélagið óskað í ársbyrjun 2016 eftir áliti endurskoðenda á reikningshaldslegri meðferð á framangreindum samningi og hvort álit reikningsskila- og upplýsinganefndar gæfi nægjanlega glögga mynd af efnis samningsins.
- Á það hefur verið bent að eðlilegra gætið verið að færa hlutdeild ríkisins á grundvelli samningsins sem leigueign fremur en fasteign í reikningsskilum sveitarfélagsins. Er það rökstutt með því að samningurinn tryggi leigusala verðtryggðar greiðslur frá leigutaka í 40 ár, sem eðlilegt væri að færa til eignar í efnahagsreikning með sama hætti og verðbættar skuldir sem mögulega væri stofnað til í tengslum við framkvæmdirnar.
- Bæjarráð samþykkti á fundi sínum þann 8. mars s.l. að tekin verði afstaða til breyttra reikningsskila með viðauka á árinu 2016.

Strikið 3

	Ársreikningur 2015	Ársreikningur 2014	Breyting milli ára
Rekstrartekjur	192.151	186.475	3,0%
Rekstrargjöld	(96.624)	(82.692)	16,8%
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	(83.538)	(69.758)	19,8%
Rekstrarniðurstaða	11.989	34.025	

7.3 Áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármögnun 2016-2019

- Fjárhagsáætlanir sveitarfélaga eru eitt mikilvægasta stjórnþæki þeirra. Samkvæmt sveitastjórnarlögum tekur áætlanagerðin til næstu fjögurra ára.
- Stefna stjórnenda til lengri tíma birtist þannig í fjárhagsáætlunum sem er nánar útfærð í áætlun næsta árs. Í kafla 3 hér að framan er litið til samanburðar rauntalna 2015 og áætlana fyrir árið 2015.
- Bæjarstjórn hefur afgreitt áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármögnun fyrir sameinað sveitarfélag allt til ársins 2019 eins og sveitarstjórnarlög mæla fyrir um.
- Óhjákvæmilegt getur verið að gera viðauka við áætlun innan ársins. Gæta þarf þess að ef slíkir viðaukar eru samþykktir að bókanir í fundargerðum bæjarstjórnar vegna þeirra séu skýrar og fram komi hvernig mæta eigi viðaukum um aukin útgjöld.
- Áætlanir sveitarfélagsins gera ráð fyrir jákvæðri rekstrarafkomu. Einnig er gert ráð fyrir að rekstur skili talsverðu veltufé til fjárfestinga og afborgana af lánum.
- Samkvæmt samþykktum áætlunum er gert ráð fyrir fjárfestingu á árinu 2016 að fjárhæð 1.238 millj. kr. og fjárfestingu að fjárhæð 1.260 millj. kr. á árinu 2017, 1.160 millj. kr. á árinu 2018 og 1.060 millj. kr. á árinu 2019. Samtals eru því áætluð fjárfesting á þessu fjögurra ára tímabili að fjárhæð 4.718 millj. kr.
- Framangreind fjárfesting verður samkvæmt áætluninni fjármögnuð með veltufé frá rekstri og lántöku að fjárhæð 2.100 millj. kr.



	Atriði	Umfjöllun
1	Sviksemi	Við höfum rætt við stjórnendur um hvort þeir hafi orðið varir við eða fengið vísbendingar um sviksemi og/eða að lög hafi verið brotin. Stjórnendur hafa upplýst okkur um að þeir hafi ekki orðið varir við neitt sem hefur veruleg áhrif á ársreikninginn.
2	Kröfur og málaferli	Við höfum spurt stjórnendur hvort þeir eigi von á málaferlum á hendur sveitarfélaginu. Stjórnendur hafa staðfest við okkur að þeir hafi ekki vitneskju um nein málaferli umfram það sem greint er frá í ársreikningnum sem veruleg áhrif gætu haft á fjárhagsstöðu sveitarfélagsins. Einnig höfum við aflað staðfestinga frá lögmönnum sveitarfélagsins og hafa þeir staðfest að engin mál séu í gangi sem hafi veruleg áhrif á fjárhagsstöðu sveitarfélagsins.
3	Viðskipti við tengda aðila	Við höfum farið yfir viðskipti við tengda aðila. Stjórnendur hafa staðfest að ekki séu nein önnur viðskipti til staðar en þau sem greint er frá í ársreikningi.
4	Rekstrarhæfi	Stjórnendur hafa staðfest að ekki séu vísbendingar um að vafi leiki á rekstrarhæfi sveitarfélagsins næstu 12 mánuði.
5	Staðfestingabréf stjórnenda – óleiðréttir mismunir	Í tengslum við endurskoðunina fáum við staðfestingabréf frá stjórnendum þar sem þeir staðfesta að þeir hafi upplýst okkur um öll málefni er gætu haft áhrif á ársreikninginn. Þeim er ekki kunnugt um óleiðréttar skekkjur í ársreikningi sem gætu haft, hver um sig eða samanlagt, áhrif á ársreikninginn í heild.
6	Óhæði endurskoðanda	Samkvæmt siðareglum endurskoðanda og lögum um endurskoðendur er okkur skylt að staðfesta við ykkur að við séum óháðir endurskoðendur gagnvart sveitarfélaginu. Við staðfestum hér með að við erum óháðir endurskoðendur gagnvart sveitarfélaginu eins og siðareglur starfsstéttarinnar og lög kveða á um.



cutting through complexity™

© 2016 KPMG ehf., á Íslandi er aðili að alþjóðlegu neti KPMG, samtökum sjálfstæðra fyrirtækja sem aðild eiga að KPMG International Cooperative („KPMG International“), svissnesku samvinnufélagi.

Nafn, kennimark KPMG og “cutting through complexity” eru vörumerki KPMG International Cooperative (KPMG International).

Skjal sótt af '00000000000' dags: 25.03 2026